

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 139/654
komudagur 3.12.2010



Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. desember 2010


Efni. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 með síðari breytingum á 139. löggjafarþingi, þskj. 202 – 185. mál
Tilv. 2010110020

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 23. nóvember 2010.

Bændasamtök Íslands leggjast gegn því að frumvarpið verði samþykkt í núverandi mynd en með því er lagt til að úrvinnslugjald á heyrúlluplast verði hækkað úr 5 kr./kg. í 12 kr./kg., eða um 140%. Úrvinnslugjald á heyrúlluplast var hækkað 1. júlí sl., með lögum nr. 69/2010, úr 3 kr./kg. í 5 kr./kg. eða um 67%. Árið 2009 hækkaði það um 36%. Landbúnaðurinn hefur þegar þurft að sæta verulega auknum álögum og með þessu frumvarpi er gengið enn nær búrekstri bænda.

Það kemur á óvart og er sérstaklega áberandi að í frumvarpinu er ekki minnst á að úrvinnslugjald á heyrúlluplast var hækkað um 67% fyrir fimm mánuðum síðan. Hvað er það sem hefur nýtt komið í ljós á þessum skamma tíma sem veldur því að hækka þarf gjaldið enn á ný, nú um 140%? Bændasamtökin telja nauðsynlegt að upplýst verði um við hvaða gögn er miðað þegar ályktanir eru dregnar um nauðsyn þess að úrvinnslugjald á heyrúlluplast verði hækkað. Skýringar í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins eru mjög takmarkaðar og veita ekki vísbendingu um þessa meintu nauðsyn. Á fimm mánuðum mun gjaldið fjórfaldast. Þessi hækkun hefur eftir sem áður óhjákvæmilega í för með sér bein áhrif á rekstrargrundvöll búreksturs bænda. Bændur þurfa síst á frekari hækkunum á gjöldum að halda m.a., vegna þess að þeir hafa þegar tekið á sig verulegar skerðingar á búvörusamningum og eins og áður sagði hafa álögur á þá hækkað verulega undanfarið en auk þess hefur aðfangaverð hækkað mikið. Þá vilja Bændasamtökin geta þess að víða um land hefur orðið samkeppni milli úrvinnslustöðva um heyrúlluplast en það hlýtur að gefa vísbendingu um að úrvinnslugjaldið sé þegar nógu hátt.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Elías Blöndal Guðjónsson, lögfr.